

Aðföng, gjafir og lykilverk eftir Sigurjón Ólafsson

sýning í Listasafni Sigurjóns 5. febrúar – 31. ágúst 2005

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar hefur átt því láni að fagna að margir aðdáendur listar Sigurjóns hafa fært safninu listaverk eftir hann, sem í sumum tilvikum hafa lykilstöðu í heildarferli listamannsins. Meðal þeirra hafa einnig verið áður óþekkt og óskráð listaverk. Stjórn safnsins þakka öllum gefendum örlæti þeirra og góðan hug til safnsins.

Á þessari sýningu eru nær tveir tugir verka sem safnið hefur eignast undanfarin áratug og einnig tvö verk sem eru í útláni frá öðrum söfnum. Í sýningaryfirliti þessu er verkunum skipt niður í nokkra meginflokka sem miðast við formgerð, tímabil og eðli verkanna, einnig er greint frá tilurð þeirra og eigendum.

Verk gerð í Danmörku 1936 – 1940

Á þessum árum vakti Sigurjón athygli sem einn helsti sporgöngumaður nútíma höggmyndalistar í Danmörku. Listsköpun hans einkenndist af frumleika og nýsköpun, enda ólgaði listheimurinn af frjóum hugmyndum sem tengdust kúbisma, primitívisma, súrrealisma og dadaisma, en mikilvægast ungum listamönnum samtímans var að finna nýjar leiðir til að tjá einmitt þann veruleika sem þeir upplifðu. Þetta var uppgjörstími yngri kynslóðarinnar sem leitaði að nýjum gildum til að setja í staðinn fyrir hugmyndafræði hinnar rótgrónu borgarastéttar. Ungir framúrstefnu listamenn voru flestir mjög meðvitaðir um hvað var að gerast annars staðar í Evrópu - bæði í listum og í stjórnámálum - og margir fylktu sér í lið róttækra stjórnálahreyfinga. Í Danmörku snerist umræðan meðal annars um verkalýðsbaráttuna, félagslegar umbætur, húsnæðismál og byggingalist sem átti að þjóna almenningi, andstöðuna gegn nazisma Hitlers og fasismanum á Ítalíu og Spáni. Afgerandi þýðingu höfðu kenningar Sigmunds Freud fyrir súrrealismann sem opnuðu leiðir til að fjalla um kynhvötina, efni sem nánast hafði verið tabu fram að þessu.

Safnið hefur fengið að gjöf nokkur lykilverk sem Sigurjón vann á þessum mótunarárum sínum í Danmörku og sem mætti skilgreina sem forntilraunir unnar í leir og gífs.

1 Fótboltamenn

1936, LSÓ 247

Á árunum 1936 – 37 gerði Sigurjón fjórar *íþróttamyndir*, verk sem fanga hreyfingu og hraða mannlíkamans, í einfölduðum en glæsilegum, næstum því svífandi formum. Sigurjón lagði *Fótboltamenn* til sýningar sem listamenn í Danmörku stóðu að til styrktar sjálfbóðaliðum í Spánarstríðinu. Danskur arkitekt eignaðist verkið og átti það fram til ársins 1991, þegar hann seldi það íslenskum listaverkamiðlara. Nokkru síðar var það slegið á 345.000 DKK á uppboði hjá Bruun Rasmussen í Danmörku.

Árið 1997 keyptu hjónin Guðrún og Ólafur Ó. Johnson myndina og afhentu safninu til eignar. Með þessari rausnarlegu gjöf eignaðist safnið eitt af lykilverkum Sigurjóns frá fjórða áratugnum.

2 *Börn að leik*

1938, LSÓ 206

Veggmynd þessi er hluti af verðlaunatillögu sem Sigurjón gerði fyrir *Hús Barnanna* sem átti að reisa í Tivolígarðinum í Kaupmannahöfn í minningu H.C. Andersens. Húsið varð aldrei að veruleika og dagaði þessi útfærsla af verkinu uppi á heimili arkitektsins Finns Juhl og konu hans Inge Skaarup, sem bauð safninu það til sölu á vægu verði árið 1989. Eimskipafélag Íslands hf. leysti verkið út og greiddi kostnað við miklar viðgerðir á því sem Pontus Kjerrman, myndhöggvari og lektor við Konunglegu dönsku listakademíuna, vann af mikilli fagmennsku. Myndin var sýnd á farandsýningu í Danmörku árið 1991 og kom heim til Íslands ári síðar.

Árið 1960 notaði Sigurjón sömu hugmynd í veggmynd sem hann gerði fyrir Landsbanka Íslands. Myndin hefur einnig haft áhrif á listsköpun annarra íslenskra listamanna.

3 *Skúlpúr*

1939, LSÓ 259

Grete Borg, ekkja arkitektsins Ejnars Borg, gaf safninu þessa mynd árið 2003. Þau hjónin voru nágrennar Sigurjóns í Nýhöfn 65 í Kaupmannahöfn og meðal nánustu vina.

Hér má sjá dæmi um þær formhugmyndir sem voru Sigurjóni hugleiknar á þessum árum og birtust með afgerandi hætti í stórum súrrealískum verkum eins og *Fuglinum* (LSÓ 1043, 1939) í eigu Listasafns Íslands og *Drekanum* (LSÓ 1051, 1939 – 40) sem nú er talinn glataður. Pontus Kjerrman gerði við verkið.

4 *Sitjandi kona*

ca 1938, LSÓ 1044

Einnig þetta litla verk var gjöf Sigurjóns til þeirra hjóna Ejnars og Grete Borg. Safnið eignaðist mót og afsteypu af frummyndinni árið 2004.

5 *Þrá*

ca 1940, LSÓ 234

Í þessu magnaða verki gengur Sigurjón alla leið í því að túlka kynþokka og aðdráttarafl kynjanna svo ekki verður um villst. Myndin er mótuð beint í gifs og sést hversu meistaralega Sigurjón meðhöndlaði þetta frekar óþjála efni og vann markvisst með áhrifum þess á ýmsum storknunarskeiðum. Nátengdar *Þrá* eru trémyndirnar *Maður og kona* (LSÓ 1054, 1939), í eigu Nordjyllands Kunstmuseum í Álaborg og *Kona* (LSÓ 1066, 1942) sem er í einkaeigu í Reykjavík.

Aage Gall tannlæknir í Dragør eignaðist verkið á fimmta áratugnum sem greiðslu fyrir tannviðgerðir. Er safninu var boðið verkið til kaups gekkst Styrktarsjóður Listasafnsins fyrir söfnun meðal styrktaraðila og *Þrá* var afhent safninu árið 1994.

Andlitsmyndir

Það er alkunna að Sigurjón var meistari í portrettmótun og liggja eftir hann rúmlega 200 mannamyndir. Þekktasta verkið er án efa myndin sem hann mótaði af móður sinni Guðrúnu Gísladóttur 1938 og, að eigin sögn, á einum degi. Hann var þá búsettur í Danmörku og liðin voru fjögur ár frá síðustu heimsókn hans. Aðrar andlitsmyndir á sýningunni eru af karlmönnum þar sem samsvörun ríkir milli yfirborðsteikningar í leirnum og lýsingar á hinum ólíku persónuleikum.

6 Móðir mín

1938, LSÓ 007

Þessi mynd er með því andríkasta og besta sem Sigurjón gerði og er hluti af fastasýningu safnsins. Fyrir myndina hlaut Sigurjón hin eftirsóttu *Eckersberg* verðlaun 1939 og í framhaldi af því voru bronsafsteypur keyptar af þremur ríkislistasöfnum Norðurlanda. Verkið hefur verið sýnt víða um heim, nú síðast vorið 2004 í London sem *Master Portrait* sýningarinnar *FACE 2004* á vegum hins breska félags, *Society of Portrait Sculptors*. Myndin var áður í eigu bróður Sigurjóns, Guðna Ólafssonar.

7 Guðmundur Thoroddsen yfirlæknir

1947, LSÓ 248

Sigurjón talaði oft um það hve hann naut þess að rabba við Guðmund Thoroddsen meðan hann sat fyrir, og einnig að hann fékk að vera viðstaddur á skurðstofu Landsspítalans til að sjá Guðmund í starfi sínu.

Afkomendur Guðmundar gáfu safninu gifs frummyndina og var hún síðar steipt í brons hjá Kristiania Kunst & Metalstøberi í Ósló.

8 Kristín Einarsdóttir

1949, LSÓ 1103

Þessa lágmynd gerði Sigurjón af mágkonu sinni í tilefni af fimmtugsafmæli hennar. Frummyndina í gifsi afhentu afkomendur Kristínar safninu til eignar árið 1998. Þetta er dæmigert vinarportrett unnið að frumkvæði listamannsins og í virðingar- og þakklætisskyni við viðkomanda.

9 Haraldur Björnsson leikari

1961, LSÓ 245

Sumarið 1961 gerði Sigurjón þessa mynd en hann var þá enn vistmaður á Reykjalundi, þar sem hann hafði dvalið frá upphafi ársins 1960 vegna berkla. Sigurjón fékk bæjarleyfi um helgar og þá kom Haraldur til að sitja fyrir í vinnustofu Sigurjóns í bragganum á Laugarnesi.

Synir Haraldar höfðu frumkvæði að gerð myndarinnar og var bronsafsteypa gefin Þjóðleikhúsinu. Árið 1997 færði tengdadóttir Haraldar, Áslaug Stephensen, safninu gifsmyndina að gjöf.

10 Jakob Gíslason raforkumálastjóri

1972, LSÓ 230

Myndina gerði Sigurjón að beiðni vina Jakobs í tilefni sjötugs afmælis hans. Vinátta ríkti milli Jakobs og Sigurjóns sem báðir ólust upp á Eyrarbakka. Erfingjar Jakobs gáfu safninu gifsmyndina 1994, en bronsafsteypa er í eigu ekkju hans, Sigríðar Ásmundsdóttur.

11 Þorsteinn Þ. Víglundsson

1972, LSÓ 1280

Þorsteinn Víglundsson var skólastjóri og sparisjóðsstjóri í Vestmannaeyjum og var rétt rúmlega sjötugur þegar Sigurjón gerði af honum andlitsmyndina. Bronsafsteypur eru í Framhaldsskólanum og í Byggðasafninu í Vestmannaeyjum. Sonur Þorsteins, Víglundur Þ. Þorsteinsson, afhenti Listasafni Sigurjóns gifsmyndina síðsumars 2004.

Frjáls afstraktverk frá ýmsum tímum

Í þessum flokki má finna verk af ólíkum toga og úr ólíkum efnum, leir, tré, stein og málm. Elsta verkið er *Fjallkonan* (LSÓ 010, 1947), tótem-mynd sem er til sýnis að staðaldri í safninu og ber merki um þann áhuga sem listamenn samtímans

sýndu primitívískri list. Fjallkonan á tvær „systur“ frá sama ári, *Grímur*, aðra í brons og hina úr gabbró.

12 *Á leið til elskunnar minnar / Litlabeltisbrúin* 1954 – 55, LSÓ 212

Þessi mynd á sér sérstæða sögu. Hún varð til við þröngar aðstæður í lítilli kvist-íbúð þar sem Sigurjón bjó ásamt fjölskyldu sinni á Norðurbrú í Kaupmanna-höfn. Til þess að yfirvinna innilokunarkenndina undir þakglugganum sá Sigurjón fyrir sér umhverfisverk byggt yfir þjóðveg þannig að bílar ækju undir það. Íslenskt heiti myndarinnar er þýðing á titli dönsku útgáfunnar af *Íslenskum aðli* eftir Þórberg Þórðarson, sem var nýlega komin út í þýðingu Martins Larsen. Brúarheitið vísar í líkingu myndarinnar við mannvirki en túlkunarsviðið er mjög vítt, frá konkret yfir í afstrakt súrrealísk. Gifsmyndin var lengi í eigu vinar Sigurjóns í Middelfart en árið 1992 eignaðist safnið hana og lét gera afsteypur af henni í polyester.

13 *Reifabarn/Steinn Steinarr* 1955, LSÓ 1137

Þessa höggmynd vann Sigurjón í Danmörku úr graníthnullungi og hefur hún í áranna rás borið ýmis nöfn, *Reifabarn*, *Útburður*, *Móðir mín í kví, kví..*, en Ragnar Jónsson í Smára sá beina samsvörun milli efnis, forms og heitis og hrópaði upp fyrir sig í hrifningu: *Steinn Steinarr - Steinn af steini* - keypti verkið og innlimaði það í stofngjöf sína til Listasafns ASÍ. Verkið er hér í láni frá ASÍ safninu.

14 *Til að vinna öll mál* 1960, LSÓ 1173

Á árunum 1960 – 1962 fór Sigurjón að gera uppdrætti af gömlum íslenskum galdrastöfum upp úr þjóðsögum Jóns Árnasonar. Kom það meðal annars til af því að hann veiktist heiftarlega, var í fyrstu óvinnufær og þurfti í framhaldi af því að dveljast á Reykjalundi um tveggja ára skeið. Það er engin tilviljun að þessi galdratákn með kynngimögnum formum höfðuðu til hans þar sem þau eru í ætt við primitívismann sem hann og félagar hans aðhylltust á fjórða áratugnum í Danmörku.

Galdrastafurinn *Til að vinna öll mál*, sem Sigurjón vann á Reykjalundi, er úr kopar, vír og tré. Það vekur athygli að þungamiðja verksins er Grímu mótífið sem sást fyrst í verkum hans 1947. Listasafn Sigurjóns keypti verkið árið 2003.

15 *Sköpun* 1976/1988, LSÓ 072

Þetta verk gerði Sigurjón fyrst í frauðplast árið 1976 með það fyrir augum að láta steinsmið útfæra það í marmara, því þegar hér var komið sögu var hann hættur steinhöggi sökum heilsubreysts. Árið 1988 ákvað Ó. Johnson & Kaaber hf. að kosta útfærsluna í ítalskan marmara frá Carrara og færa Listasafni Sigurjóns að gjöf í tilefni af 80 ára afmæli fyrirtækisins. Gjöfinni fylgdi einnig fjárframlag til uppbyggingar safnsins, sem var opnað almenningi sama ár. Erlingur Jónsson myndhöggvari klappaði myndina í marmara. *Sköpun* er eitt af fastaverkum í Listasafni Sigurjóns.

16 *Stormfuglinn* 1975, LSÓ 1300

Árið 1974 fékk Sigurjón það verkefni að gera stóra veggmynd úr mahóný fyrir Lögberg, hús Lagadeildar Háskóla Íslands. Úr afsagi þeirrar myndar gerði hann nokkur frjáls verk, meðal annars *Stormfuglinn*. Myndin túlkar bæði hraða,

spennu og átök og Sigurjón notaði sama mótíf á *Finnlandspening* í norrænni minnispeningaröð árið 1978.

Kristján Guðmundsson trésmiður og Valborg Hallgrímsdóttir, sem keypt höfðu verkið á sínum tíma, gáfu safninu *Stormfuglinn* árið 1998.

17 Húsgoð

1979, LSÓ 106

Með þessari mynd tekur Sigurjón aftur upp mótíf sem tengjast tótemsúlum hans frá fjórða og fimmta áratugnum. Verkið er úr rekavið og má sums staðar sjá silfuráferð sem myndast vegna áhrifa náttúruafla. Safnið keypti myndina árið 1994.

Tillögur að umhverfisverkum

Undanfarin ár hefur safnið eignast einstakar tillögur að útilistaverkum, sum verkin hafa verið í einkaeign og önnur eru úr safneigninni og hafa nýlega verið steipt í varanlegt efni.

18 Knud Rasmussen

1957, LSÓ 025

Sigurjón tók þátt í samkeppni um minnismerki um Knud Rasmussen Grænlandsfara, sem haldin var í Danmörku árið 1957. Gerði hann bæði portrett af Knud Rasmussen í yfirstærð og einnig þessa tillögu þar sem hann stendur á ísþöng með hundateymi sitt. Það er athyglisvert hvernig hlutföll í myndinni samsvara hlutföllum hundasleðans, þannig að sleðinn er einnig til staðar, þótt ósýnilegur sé. Verkið hlaut ekki náð fyrir augum dómnefndar; ástæðan sem var gefin upp var sú að myndin uppfyllti ekki skilyrði um að vera 1/6 að hugsaðri stærð, en hún var aðeins 1/12. Íslandsdeild Norræna Félagsins gaf bronsafsteypu af verkinu til Grænlands árið 1982 og listamaðurinn seldi þrjár aðrar afsteypur til einkaaðila á Íslandi. Listasafn Sigurjóns keypti eina þeirra 1993.

19 Lífslöngun

1960, LSÓ 226

Eins og áður hefur verið greint frá varð Sigurjón að dvelja á Reykjalundi á árunum 1960 – 62. Þar fékk hann ágæta vinnuaðstöðu, og aðstoð við málm-suðu sem var nýtt fyrir honum, og vann hann þar fjölda verka, þar á meðal *Lífslöngun*. Verkið á sér fyrirmynd í fyrrnefndum galdrastöfum, en túlkar fyrst og fremst algildan einfaldleika og fögnuð barnateikningar, þar sem mannslíkamanum er þjappað saman í kúlu og strik og hönd verður að þríforki. Afstaða og stærð kúlnanna búa þar að auki yfir sams konar yfirvegaðri tign og jafnvægi og arabískur arkitektúr. Erlingur Jónsson myndhöggvari gerði af henni stækkun í ryðfrítt stál og var hún reist að Reykjalundi árið 1993 í minningu Odds Ólafssonar yfirlæknis. Safnið keypti frummyndina, sem hér er sýnd, árið 1993.

20 Ferskeytt mynd

1966, LSÓ 224

Árið 1964 hóf Sigurjón að vinna verk úr koparplötum sem hann lét sjóða saman, og var það gert til að komast hjá miklum kostnaði við bronssteypu, sem var unnin erlendis. Þótt verk þetta sé ekki stórt í sniðum virkar það stórt, er í eðli sínu monúmentalt og þolir mikla stækkun. Safnið keypti myndina árið 1993 og er mikill fengur að henni.

21 Hávaðatröll

1967, LSÓ 197

Sigurjón útbjó litla formynd úr blikki að stóru standmyndinni *Hávaðatröll* (LSÓ 1243, 1967 – 68) sem reist var við Stöðvarhús Búrfellsvirkjunar. Hér er sýnd silfurafsteypa af blikkmyndinni sem bronssteypan Pangolin Editions í Bretlandi gerði og gaf safninu í tilefni þess að þeir héldu hér sýningu á litlum silfur-skúlptúrum árið 2003. Myndin var hluti af þeirri sýningu.

22 Ég bið að heilsa

1973 – 74, LSÓ 073

Á áttunda áratugnum fór Sigurjón að vinna markvisst í frauðplast og var reynsla hans af gerð veggmynda á Stöðvarhús Búrfellsvirkjunar hvati að nýjum tilraunum með þetta nútímalega, en um leið ógöfuga iðnaðarefni. Verkið var unnið beint í frauðplast en bronsafsteypur eru í eigu Seðlabanka Íslands, Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og íslenska sendiráðsins í Danmörku. Árið 2004 lét Listasafn Sigurjóns steypa fjórða eintakið fyrir safnið.

23 Ferrum

1973 – 74, LSÓ 1284

Frumdrög að 5 – 6 m háu útilistaverki sem Kópavogsbær verðlaunaði í tilefni 1100 ára byggðar á Íslandi. Verkið skyldi útfært í corten-stál (ryðgað) og standa beint á jörðunni þannig að hægt væri að ganga inn í það. Myndin sýnir að Sigurjón leitaði inn á nýjar brautir höggmyndalistar, vildi hverfa frá stöplinum og hinni framsæu sýn sem var ætíð áleitin í list hans, innlima rýmisskynjun áhorfandans og gera hann að þátttakanda í verkinu. Verkið er í láni frá Listasafni Kópavogs- Gerðarsafni.

© 2005

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Laugarnestanga 70
105 Reykjavík
Sími 553-2906 Fax 581-4553
www.lso.is – lso@lso.is